



YFIRLÝSING FORSETA ÍSLANDS

Í stjórnskipun Íslands fer Alþingi með löggjafarvaldið nema þjóðin hafi fyrir tilstuðlan forseta fengið mál í sínar hendur. Þá fara Alþingi og þjóðin saman með löggjafarvaldið og er ákvörðun þjóðarinnar endanleg. Í þessum efnum er stjórnarskrá lýðveldisins skýr.

Með ákvörðun forseta 5. janúar 2010 og þjóðaratkvæðagreiðslunni sama ár varð þjóðin löggjafi í Icesave málinu eins og það lá þá fyrir. Niðurstaðan var afdráttarlaus.

Í kjölfar löggjafarvaldsákvörðunar þjóðarinnar 6. mars 2010 var á ný samið um málið.

Þótt hinir nýju samningar feli í sér töluverða óvissu eru þeir annarrar gerðar en hinir fyrri, hagstæðari á margan hátt og fjárhagslegar skuldbindingar svo miklu minni að munurinn nemur risavöxnum upphæðum; hin erlendu aðildarríki gangast einnig við ábyrgð. Ríflegur meirihluti þingmanna úr þremur stærstu flokkum Alþingis hefur nú samþykkt að hinir nýju samningar skuli fullgiltir.

Varðandi samningana að öðru leyti skulu ítrekuð þau sjónarmið sem forseti setti fram í yfirlýsingu hér á Bessastöðum 5. janúar 2010 og í yfirlýsingu 2. september 2009.

Þegar meta skal hvort forseti staðfesti sem lög hið nýja frumvarp um Icesave er grundvallaratriði að horfa til þess að Alþingi og þjóðin hafa saman farið með löggjafarvaldið í þessu máli. Það Alþingi sem 16. febrúar afgreiddi málið er eins skipað og áður; þjóðin hefur ekki endurnýjað umboð þess í almennum kosningum.

Annar löggjafi málsins, Alþingi, er hinn sami og spurningin er því hvort sá löggjafi eigi einn að ljúka málinu án aðkomu hins löggjafans, þjóðarinnar, sem áður réði lokaniðurstöðu.



Hinn lýðræðislegi aðdragandi, hlutdeild þjóðarinnar í löggjafarvaldinu, felur ótvírætt í sér að eigi afgreiðsla Alþingis á hinum nýju samningum að vera lok málsins þarf víðtæk samstaða að vera um að málinu ljúki með atkvæðagreiðslunni á Alþingi.

Það er nú hins vegar ljóst að slík samstaða er ekki fyrir hendi; stuðningur er við að þjóðin verði eins og áður ásamt Alþingi löggjafinn í málinu.

Í fyrsta lagi hlutu tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslu verulegt fylgi á Alþingi, tæplega helmingur þingmanna úr fjórum stjórn málaflökkum greiddi þeim atkvæði.

Í öðru lagi hafa rúmlega 40.000 kjósendur formlega óskað eftir að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um hið nýja frumvarp eða um fimmtungur kosningabærra manna.

Í þriðja lagi benda skoðanakannanir til að meirihluti þjóðarinnar vilji að hún komi að endanlegri afgreiðslu málsins.

Grundvallaratriðið sem hlýtur að ráða niðurstöðu forseta, hvað sem líður kostum hinna nýju samninga, er að þjóðin fór með löggjafarvald í Icesave málinu og ekki hefur tekist að skapa víðtæka sátt um að Alþingi ráði nú eitt niðurstöðu málsins.

Ég hef því ákveðið í samræmi við 26. grein stjórnarskrárinnar að vísa hinu nýja frumvarpi í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er einlæg von mín að sem flestir landsmenn, bæði stuðningsmenn frumvarpsins og aðrir, nýti lýðræðislegan rétt sinn í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem fara mun fram svo fljótt sem auðið er.

Bessastöðum, 20. febrúar 2011